

Umhverfis- og heilbrigðisráð.

Ár 2019, föstudaginn 10. maí kl. 10:06, var haldinn 21. fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur. Fundurinn var sameiginlegur með skipulags- og samgönguráði og er 36. fundur þess. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal Viðstödd voru: Líf Magneudóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Inga María Hlíðar Thorsteinson, Marta Guðjónsdóttir, Vigdís Hauksdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Daniel Örn Arnarsson, Baldur Borgþórsson og Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Orvarsdóttir, Hreinn Ólafsson, Guðmundur B. Friðriksson, Ámundi V. Brynjólfsson, Hjalti J. Guðmundsson, Árný Sigurðardóttir, Ásdís Ásbjörnsdóttir og Marta Grettisdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. **Skipulags- og samgönguráð,** Mál nr. US190158
áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins.

Lagt fram bréf forsætisnefndar dags. 7. maí 2019 þar sem tilkynnt er að Ásgerður Jóna Flosadóttir tekur sæti sem áheyrnarfulltrúi í skipulags- og samgönguráði í stað Þórs Elís Pálssonar

2. **Umhverfis- og skipulagssvið,** Mál nr. US190148
Fjárhagsáætlun 2020-2024,
skuldbindingar og áhættur í rekstri
umhverfis- og skipulagssviðs.

Kynntar skuldbindingar og áhættur í rekstri umhverfis- og skipulagssviðs.

- Kl. 10:18 tekur Sabine Leskopf sæti á fundinum.
- Kl. 10:24 tekur fulltrúi atvinnulífsins Ólafur Jónsson sæti á fundinum.

Kynnt.

3. **Umhverfis- og skipulagssvið,** Mál nr. US190149
Fjárhagsáætlun 2020-2024,
Fjárfestingaáætlun umhverfis- og
skipulagssviðs

Kynnt drög að fjárfestingaáætlun umhverfis- og skipulagssviðs.
Kynnt.

4. **Umhverfis- og skipulagssvið,** Mál nr. US190151
Fjárhagsáætlun 2020-2024
Jafnréttisskimun á tillögum út frá kynjaðri
fjárhags- og starfsáætlun

Kynnt jafnréttisskimun á tillögum út frá kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun
Kynnt.

Steinunn Rögnvaldsdóttir sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Umhverfis- og skipulagssvið**, Áætlun um greiningu þjónustubátta út frá kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun Mál nr. US190150
- Lögð fram áætlun um greiningu þjónustubátta út frá kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.
- Kl. 11:37 tekur Hjálmar Sveinsson sæti á fundinum.
- Staðfest með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata, fulltrúa Samfylkingarinnar og fulltrúa Viðreisnar gegn einu atkvæði fulltrúa Miðflokksins, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.
- Steinunn Rögnvaldsdóttir sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 11:53 vikur Gunnlaugur Bragi Björnsson af fundi.
6. **Umhverfis- og skipulagssvið**, ársuppgjör 2018 Mál nr. US190139
- Kynnt rekstraryfirlit Umhverfis- og skipulagssviðs 2018, ásamt verkstöðuskýrsla nýframkvæmda 2018.
Kynnt.
7. **Umhverfis- og skipulagssvið**, Viðhorfskönnun 2019 Mál nr. US190102
- Kynntar helstu niðurstöður úr viðhorfskönnun umhverfis- og skipulagssviðs 2019.
Kynnt.
- Steinunn Rögnvaldsdóttir sérfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
8. **Reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg** Mál nr. US190155
„
- Kynntar reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.
9. **Tíma- og verkáætlun**, vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Mál nr. US190156
- Kynnt tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2020-2024.
10. **Fyrirspurn fulltrúa Miðflokksins**, varðandi kynjaða fjárhags- og starfsáætlun Mál nr. US190159
- Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Miðflokksins í 8 liðum, varðandi jafnréttisskimun á tillögum út frá kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.
1. Hvenær var byrjað með jafnréttisskimun á tillögum út frá kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg? 2. Hvað eru mörg stöðugildi sem sjá um jafnréttisskimun hjá Reykjavíkurborg á tillögum út frá kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun? 3. Hver metur hvaða verkefni fara í jafnréttisskimun eða fara öll verkefni í skimun? 4. Er til skýrsla sem sýnir árangur verkefnisins, ef svarið er jákvætt þá er óskað eftir að hún verði send

borgarfulltrúum? 5. Hefur jafnréttisskimunin einhvern tímann leitt til þess að fjárhags- og starfsáætlun hafi verið breytt? 6. Ef svarið er já - hvaða verkefni voru það og voru þau til hækkunar eða lækkunar á fjárheimildum? 7. Hvað kostar verkefnið á ári? 8. Hvað er áætlað að jafnréttisskimunin komi til með að kosta samkvæmt fjárhagsáætlun borgarinnar 2020 - 2024 sundurliðað eftir árum?

Frestað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:30

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Líf Magneudóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Sabine Leskopf
Inga María Hlíðar Thorsteinson
Ólafur Jónsson

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Vigdís Hauksdóttir